# Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2025

## FÉLA3AH05

| | | |
|---|---|---|
| **Kennari** | Bogi Ragnarsson, bogi.ragnarsson@fss.is, stafbok@stafbok.is m.fss.is, stafbok.is |  |
| **Viðtalstími** | Þriðjudagar 8:20 – 9:00, stofa 329 | |
| **Námsefni** | Bogi Ragnarsson. (2025). *Inngangur að afbrotafræði: Frá kenningum til raunveruleikans.* Reykjanesbær. Stafbók. Nemendur nálgast bókina á síðunni stafbok.is | |
| **Áfangalýsing** | Í þessum áfanga verður farið í grunnþætti afbrotafræði þar sem nemendur læra um helstu kenningar, rannsóknaraðferðir og útfærslu á réttarkerfi. Kaflarnir í bókinni útskýra hvernig afbrot þróast, tengsl félagslegrar stöðu við afbrot og hvernig samfélög bregðast við brotum.<br>Í áfanganum verður m.a. farið í grundvallarþætti í afbrotafræði eins og rannsóknir, kenningar, réttarvörslukerfið, afbrotatölfræði, bakgrunnsþætti, fórnarlambafræði, hvítflibbaafbrot, ofbeldisbrot, tíðni afbrota, stafræn afbrot, heimilisofbeldi, afbrot í fjölmiðlum, ítrekunartíðni afbrota, tæknideild lögreglunnar, alþjóðleg afbrot og aðferðir til að draga úr afbrotatíðni.<br>Kennslufyrirkomulagið samanstendur af fyrirlestrum, kynningum, verkefnavinnu, rökræðum, hópavinnu, kvikmyndagreiningum og umræðutímum. Nemendur vinna með fjölbreyttar heimildir og vefi stofnanna eins og ríkislögreglustjóra, FBI, Europol, *Our World in Data* og Hagstofu Íslands til að dýpka skilning sinn á afbrotafræði.<br>Verkefnin krefjast þess að nemendur beiti kenningum í samhengi við raunveruleg dæmi og greini hvernig mismunandi réttarkerfi og aðferðir við að draga úr afbrotum virka í nútímasamfélagi.<br><br>**Áfangalýsingu og tenging bókarinnar við háskólanám má finna á vefsvæðinu stafbok.is.** | |
| **Námsmat og vægi námsmatsþátta** | Áfanginn er próflaus. Til að ná áfanga þarf að ná 4.5 í vinnueinkunn á önninni. Athugið að ekki skiptir máli hver ástæða fjarvistarinnar er (veikindi, þar með talin vottorð, leyfi eða annað).<br><br>**Símatsáfangi** ☒ **Lokapróf** ☐ **Sleppikerfi** ☐ | |

| **Heiti** | **Vægi** |
|---|---|
| 1. kafli - Inngangur að afbrotafræði | 6% |
| 2. kafli - Kenningar í afbrotafræði | 8% |
| 3. kafli - Rannsóknir í afbrotafræði | 6% |
| 4. kafli - Réttarvörslukerfið | 6% |
| 5- kafli Réttarvörslukerfið í Bandaríkjunum | 6% |
| 6. kafli - Alcatraz og réttarvörslukerfið | 6% |
| 7. kafli – Afbrotatölfræði | 5% |
| 8. kafli - Bakgrunnsþættir afbrota | 7% |
| 9. kafli - Félagsleg staða og afbrot | 6% |

| | |
|---|---|
| 10. kafli - Fórnarlambafræði | 6% |
| 11. kafli – Heimilisofbeldi | 7% |
| 12. kafli – Hvítflibbaafbrot | 6% |
| 13. kafli - Afbrot í fjölmiðlum | 6% |
| 14. kafli - Tæknideild lögreglunnar | 6% |
| 15. kafli - Stafræn afbrot | 6% |
| 16. kafli - Aðferðir við að draga úr afbrotatíðni | 7% |
| Samtals: | 100% |

| | |
|---|---|
| **Reglur áfanga** | Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. |

| | |
|---|---|
| **Annað sem kennari vill láta koma fram** | Mikilvægt er að lesa fyrir hvern kafla. Lestrarkönnun er í fyrsta tíma áður en að kennsla hvers kafla hefst. |

| **Þekking** | **Leikni** |
|---|---|
| Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• Helstu kenningum og rannsóknum í afbrotafræði.<br>• Helstu hugtökum sem greinin notar<br>• Hugsunarhætti afbrotafræðinga<br>• Þáttum eins og t.d. réttarvörslukerfinu, afbrotatölfræði, kenningum, fórnalambafræði, kynferðisafbrotum, ofbeldisbrotum, afbrotum á Íslandi, alþjóðlegum afbrotum, afbrotum og nútímavæðingu, stafrænum afbrotum, bakgrunsþáttum, afbrotum í fjölmiðlum, heimilisofbeldi, afbrotum í alþjóðlegu samhengi og aðferðum til að draga úr afbrotatíðni. | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• Skilja og skýra að afbrot geta verið afstæð og ekki alltaf gefið hvað teljist sem afbrot hverju sinni heldur geti slíkar skilgreiningar verið háðar stað og stund.<br>• Greina mun á afbrotum í raunveruleikanum og hvernig afbrot birtast í fjölmiðlum.<br>• Mynda skilning á því hvernig t.d. ólíkir félagslegir, líffræðilegir og sálfræðilegir þættir hafa áhrif á afbrot á margvíslegan hátt.<br>• Gera sér grein fyrir því að með því að hugsa eins og afbrotafræðingur geti hann öðlast dýpri skilning á eðli og umfangi afbrota í samfélaginu og á milli samfélaga.<br>• Skilja og skýra tengsl afbrota við söguna, réttarvörslukerfið, rannsóknir, kenningar, bakgrunsþætti, fórnalambafræði, vímuefni, kynferði, viðskipti, falskar breytur, alþjóðasamfélagið, byggðarþróun, fjölmiðla, rafræna miðla, félagstengsl, ítrekunartíðni, félagsstöðu og aðferðum við að draga úr afbrotatíðni svo eitthvað sé nefnt. |

**Hæfni**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
- Geta gert grein fyrir raunverulegu umfangi og áhrifum afbrota á samfélagið hverju sinni.
- Nýta sér ólík kenningaleg sjónarhorn afbrotafræðinnar til að fást við ólík viðfangsefni.
- Nýta sköpunarmátt og aðferðir til þekkingaröflunnar.
- Gera sér grein fyrir aukinni þekkingu og þannig að öðlast aukið sjálfstraust í athöfnum daglegs lífs.

| Vinnuáætlun | | |
|---|---|---|
| Tímasókn og verkefnabók | 16 vikur x 4 klst . | 64 klst. |
| Undirbúningur f. verkefni | 8 x 1 klst. | 8 klst. |
| Undirbúningur f. rökræður | 1 x 3 klst. | 3 klst. |
| Próf | 4 x 4 klst. | 12 klst. |
| Undirbúningur f. kynningu | 1 x 5 klst. | 5 klst. |
| Heimasíðugreiningar | 1 x 10 klst. | 10 klst. |
| Myndbandagreiningar | 1 x 10 klst | 10 klst. |
| Lokaverkefni | 2 x 3 klst | 6 klst. |
| **Alls** | | **118 klst = 5 fein*** |

| *Viðmið um fjölda eininga | |
|---|---|
| **Einingar** | Tímafjöldi í vinnu meðalnemanda í áfanga |
| **1 fein** | 18 - 24 klst. |
| **2 fein** | 36 - 48 klst. |
| **3 fein** | 54 - 72 klst. |
| **4 fein** | 72 - 96 klst. |
| **5 fein** | 90 – 120 klst. |

| Kennsluvikur | Áætluð yfirferð námsefnis | Skil á verkefnum |
|---|---|---|
| **1. vika**<br>6. – 10. janúar | 1. kafli - Inngangur að afbrotafræði | Sjá moodle |
| **2. vika**<br>13. – 17. janúar | 1. kafli - Inngangur að afbrotafræði | Sjá moodle |
| **3. vika**<br>20. – 24. janúar | 2. kafli - Kenningar í afbrotafræði | Sjá moodle |
| **4. vika**<br>27. – 31. janúar | 3. kafli - Rannsóknir í afbrotafræði | Sjá moodle |
| **5. vika**<br>3. - 7. febrúar | 4. kafli - Réttarvörslukerfið | Sjá moodle |
| **6. vika**<br>10. - 14. febrúar<br>*Uppbrotsdagur* | 5- kafli Réttarvörslukerfið í Bandaríkjunum | Sjá moodle |
| **7. vika**<br>17. - 21. febrúar | 6. kafli - Alcatraz og réttarvörslukerfið | Sjá moodle |
| **8. vika**<br>24. - 28. febrúar<br>*Vetrarfrí 27. og 28.* | 7. kafli - Afbrotatölfræði | Sjá moodle |
| **9. vika**<br>3. - 7. mars<br>*Námsmatsdagur - Miðannarmat* | 8. kafli - Bakgrunnsþættir afbrota | Sjá moodle |
| **10. vika**<br>10. - 14. mars | 9. kafli - Félagsleg staða og afbrot | Sjá moodle |
| **11. vika**<br>17- 21. mars | 10. kafli - Fórnarlambafræði | Sjá moodle |
| **12. vika**<br>24. - 28. mars | 11. kafli - Heimilisofbeldi | Sjá moodle |
| **13. vika**<br>31. mars - 4. apríl | 12. kafli - Hvítflibbaafbrot | Sjá moodle |
| **14. vika**<br>7. - 11. apríl<br>*Starfshlaup - Páskafrí* | 13. kafli - Afbrot í fjölmiðlum | Sjá moodle |
| **15. vika**<br>22. - 25. apríl<br>*Sumardagurinn fyrsti* | 14. kafli - Tæknideild lögreglunnar | Sjá moodle |
| **16. vika**<br>28. apríl - 2. maí | 15. kafli - Stafræn afbrot | Sjá moodle |
| **17. vika**<br>5. - 9. maí | 16. kafli - Aðferðir við að draga úr afbrotatíðni | Sjá moodle |

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Bogi Ragnarsson*